

Lánstíminn skal vera allt að 20 árum.

Ársvextir skulu vera 9%, þar í innifalið $\frac{1}{2}\%$ kostnaðartillag til varasjóðs.

Lánin eru greidd í bankavaxtabréfum, sbr. 1. gr.

6. gr.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga nr. 115 7. nóvember 1941 um Búnaðarbanka Íslands, III. kafli 13. til 30. gr. og fyrirmæli um veðdeild bankans frá 30. apríl 1930, að því er snertir lánaflokk þennan.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og lögum nr. 31 25. apríl 1969 og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 9. júlí 1969, um 6. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. september 1969.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 232.

18. september 1969.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969.

Samkvæmt tillögum Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið eftirgreindar breytingar á reglum þeim, sem settar voru 12. júní s. l. með auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1969.

Bátum innan lögmætra stærðartakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi og leyfi hafa fengið til dragnótaveiða, eru heimilar dragnótaveiðar á svæði frá línu, sem dregin er réttvisandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, sem dregin er réttvisandi norðaustur úr Font á Langanesi með sömu takmörkunum og áður hafa verið ákveðnar. Þó eru dragnótaveiðar óheimilar í Skagafirði innan línu, er hugsast dregin úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 18. september 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Nr. 233.

17. september 1969.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Seltjarnarneshrepps, með eftirfarandi fyrirvörum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps:

1. Breidd gatna og tilhögun gatnamóta eru ekki sýnd í deiliatriðum og þar af leiðandi ekki í réttum mælikvarða.